

Samþykkt um hunda- og kattahald í Skútustaðahreppi

1. kafli.

1. gr.

Óheimilt er einstaklingum að halda hunda í Skútustaðahreppi nema með sérstöku leyfi sveitarstjórnar og að uppfylltum þeim skilyrðum og eftir þeim reglum, sem tilgreindar eru í samþykkt þessari.

2. gr.

Leyfi til hundahalds er bundið við nafn tiltekins einstaklings, 18 ára eða eldri og ákveðið heimilisfang. Leyfið er ekki framseljanlegt.

Alla hunda, sem leyfi er veitt fyrir skal skrá á skrifstofu Skútustaðahrepps og gefa upplýsingar um: Tegund, kyn, aldur, litur og önnur útlitseinkenni og nafn. Þá skal og skila nýrri ljósmynd af hundinum. Ekki er þó skilt að skrá hunda fyrir en þeir eru orðnir þriggja mánaða gamlir. Þegar hundur er skráður, fær eigandi hans afhenta númeraða plötu sem jafnan skal vera í ól um háls hundsins.

Sé heimilisfangið sem leyfið er bundið í fjölbýlishúsi (parhúsi, raðhúsi, blokk) skal leggja fram skriflega samþykkt annarra húsráðenda eða stjórnar húsfélags.

Skylt er leyfishafa að hafa hund sinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu tryggingarfélagi, þannig að tryggt sé að trygging nái til alls þess tjóns, sem dýrið kann að valda mönnum, dýrum, gróðri og munum. Vottorð um ábyrgðartryggingu skal liggja fyrir við útgáfu leyfis og kvittun gegn greiðslu iðngjalds þegar hreinsun fer fram árlega.

3. gr.

Leyfishafar skulu fylgja eftirfarandi reglum:

- a) Hundurinn skal ekki ganga laus á almannafæri. Undanþegnir eru þarfahundar, minkahundar, dýrhundar og sporhundar þegar þeir eru að störfum í gæslu eigenda eða umráðamanna og með sérstöku leyfi eftirlitshafa.
- b) Þess skal gætt að hundurinn valdi ekki hættu, óþægindum eða óþrifnaði né raski ró manna.
- c) Óheimilt er að fara með hund inn í almenningsfarartæki, þjónustustofnanir og fyrirtæki, einkarekin eða opinber, skóla og aðrar slíkar stofnanir, framleiðslugeymslu- og/eða sölustaði matvæla auk eftirtalinna staða.:
 1. Vatnsveitur, vatnsból og verndarsvæði þeirra og brunna.
 2. Almennings- og útisalerni.
 3. Sorpgeymslur og sorpförgunarstaði.
 4. Fangelsi og aðrar vistarverur handtekinna manna.
 5. Kirkjugarða, bálstofur, líkhús og líkgeymslur.
- d) Leyfishafar skulu árlega (í okt. – nóv.) á eigin kostnað færa hunda sína til skoðunar og hreinsunar hjá dýralækni í samræmi við reglugerð nr. 837/1999 um ormahreinsun hunda.
- e) Leyfishafar skulu fyrir árslok ár hvert framvísa á skrifstofu hreppsins kvittun fyrir ábyrgðartryggingu og vottorði frá dýralækni um hreinsun og skoðun.
- f) Við brot á reglum þessum skal veita umráðamanni hunds viðvörðun og gera honum ljóst að endurtekin brot varða sviptingu leyfis. Við þriðja brot skal leyfið úr gildi fellt.

Eiganda hundsins skal gefinn 10 daga frestur til að losa sig við hundinn ella verði hundinum lógað strax að loknum þeim fresti.

4. gr.

Sveitarstjórn eða aðilar á hennar vegum annast framkvæmd og eftirlit með hundahaldi í Skútustaðahreppi í samráði við heilbrigðisnefnd. Leita má til aðstoðar lögreglu þegar þörf krefur vegna brota á samþykktum þessum.

Hunda sem ganga lausir má handsama og færa í geymslu. Sama gildir um hættulega hunda og óskráða. Tilkynna skal eigendum merktra hunda strax um töku þeirra. Teljist hundur hættulegur að mati dýralæknis og/eða eftirlitsmanns, er heimilt að lóga honum þegar í stað. Aðra hunda má afhenda, ef leyfi er framvísað innan 7 daga frá því að hundurinn kom í vörslu eftirlitsmanns, gegn greiðslu kostnaðar við handsömun og vörslu. Að liðnum þeim fresti er heimilt að lóga hundinum.

5.gr.

Gjaldtaka.

Greiða skal í sveitarsjóð leyfisgjald og setur sveitarstjórn árlega gjaldskrá, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar, samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum. Í gjaldskrá skal vísa til þessarar samþykktar. Sveitarstjórn skal láta birta gjaldskrá í B-deild Stjórnartíðinda. Gjaldið skal vera í samræmi við þá þjónustu sem veitt er. Gjaldið skal greiða í fyrsta sinn við skráningu hundsins og síðan árlega fyrirfram með gjalddaga 1. maí.

Hafi gjaldið eigi verið greitt á eindaga fellur leyfið úr gildi. Hundar sem blindir menn eða sjónskertir þurfa á að halda vegna fötlunar sinnar, leitarhundar, svo og hundar sem notaðir eru við búrekstur á lögbýlum í umdæmi sveitarstjórnar eru undanþegnir þessu gjaldi, en vegna þeirra skal þó greiddur kostnaður við hundhreinsun.

II. kafli.

Katta- og gæludýrahald.

6.gr

Allir heimiliskettir skulu merktir hálsól með bjöllu, þar sem fram kemur nafn eiganda, heimili og símanúmer.

Eigendum katta og annarra gæludýra er skylt að gæta þess að þau valdi ekki nágrönnum ónæði. Berist skriflegar, rökstuddar kvartanir, geta eigendur búist við að verða að sæta takmörkunum á dýrahaldi, (samanber ákvæði 4. gr. um hundahald).

Sveitaryfirvöldum er heimilt að láta eyða ómerktum flækingsköttum, enda hafi framkvæmdin verið auglýst með áberandi hætti í sveitarfélaginu a.m.k. 7 sólarhringum áður en hún á sér stað.

7.gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

8.gr.

Samþykkt þessi sem samin er af Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra og samþykkt af sveitarstjórn Skútustaðahrepps, staðfestist hér með samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum. Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.